



Borgarráð

Tillaga um sérstakt hlutafjármagn til Félagsbústaða vegna uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði

Lagt er til að borgarsjóður veiti sérstök hlutafjárframlög til uppbyggingar félagslegra leiguíbúða sem nemi 4% af stofnverði þeirra, sem komi til viðbótar 12% stofnframlagi borgarsjóðs og 22% (18%+6%) framlagi ríkisins í gegnum Íbúðalánasjóð. Þá er lagt til að við þær aðstæður að Íbúðarlánasjóður samþykki umsókn um stofnframlög en lækki reiknað stofnverð t.d. ef íbúð fer yfir stærðarmörk og verð m.v. reglugerð komi sérstakt viðbótarhlutafjármagn allt að 4% af stofnverði. Í þessum tilvikum geti sérstaka hlutafjárframlagið náð allt að 8%.

Greinargerð

Lagt er til að borgarsjóður veiti sérstakt óendurkræft framlag, 4% af stofnverði, sem hlutafjárframlag við kaup á félagslegu leiguhúsnæði félagsins sem njóta stofnfjárframlag skv. lögum um almennar íbúðir til að draga úr áhrifum nýrra eigna á leiguverð hjá félaginu.

Þá er lagt til að sömu aðferðarfræði verði beitt við þær aðstæður að Íbúðalánasjóður samþykki umsókn um stofnframlög en lækki reiknað stofnverð t.d. ef íbúð fer yfir stærðarmörk og verð m.v. reglugerð. Í þeim tilvikum geti sérstaka framlagið náð allt að 6%.

Lagt er til að þetta eigi við um allar þær íbúðir sem Félagsbústaðir kaupa á árinu 2019 með þessum hætti. Áætlað er að kaupa 103 íbúðir á árinu 2019 og langmest af íbúðarkaupunum eru úr nýbyggingarverkefnum sem teljast hagkvæm og innan stærðar og verð m.v. reglugerð. Í byrjun október er áætlað að sérstakt hlutafjármagn sé komið upp í um 130 mkr. en að framlag vegna lækkunar á stofnverði sé óverulegt.

Borgarráð samþykkti samskonar tillögu á fundi sínum 20. september 2019 og var þar tekið fram í greinargerð að líklegt væri að framlengja þyrfti þennan stuðning Reykjavíkurborgar við íbúðarkaup Félagsbústaða sem uppfylla ákvæði laga um almennar íbúðir yfir á árið 2019.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir